FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Vísindadagar
Námsgrein:	Þemavinna
Viðfangsefni:	Vísindaleg vinnubrögð, frumkvæði og virkni
Skammstöfun:	ÞEMA1VD01
Þrep:	1
Einingafjöldi:	1
Lýsing:	Vísindadagar eru skipulagðir innan skólans sem sjálfstæð og einingabær vinna. Á þeim tíma leggst hefðbundin kennsla niður og nemendur vinna í hópum við valin viðfangsefni í þrjá daga (20 klst). Viðfangsefnin eru ákveðin með góðum fyrirvara og undirbúningur hefst strax við upphaf annar. Markmiðið með vísindadögum er að nemendur kynnist því hvað til þarf svo hægt sé að svara á vísindalegan hátt áleitnum spurningum, jafnvel úr daglegu lífi og umhverfi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi undirbúnings og þátttöku til að ná árangri sem einstaklingur • óhefðbundnu skólastarfi og margvíslegum tækifærum sem því fylgja til náms og þroska • mikilvægi vinnu, skipulags og útsjónarsemi til að framkvæma vel heppnaða athugun • vísindalegum vinnubrögðum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna með öðrum að settu markmiði • skipuleggja tíma sinn • setja fram niðurstöður athugana á skýran hátt
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka ábyrgð á eigin vali • hafa áhrif á þróunar- og undirbúningsstarf • sýna tillitssemi, hlusta á ólík sjónarmið og komast að niðurstöðu • velja heppilega leið til að sýna og kynna niðurstöður athugana
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.